

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 77/2009

frá 3. júlí 2009

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25/2009 frá 17. mars 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/124/EB frá 18. desember 2008 um að takmarka markaðssetningu fræs tiltekinna tegunda fóðurjurta og olíu- og trefjajurta við fræ sem er opinberlega vottfest sem stofnfræ eða vottað fræ (kerfisbundin útgáfa) ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2008/124/EB falla úr gildi tilskipanir framkvæmdastjórnarinnar 75/502/EBE ⁽³⁾ og 86/109/EBE ⁽⁴⁾, en þær gerðir hafa verið felldar inn í samninginn og ber því að fella þær úr samningnum.
- 4) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði 2. hluta III. kafla I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Brotti falli allur texti 1. liðar (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 75/502/EBE) og 4. liðar (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 86/109/EBE).
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 52. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/62/EB):

„53. **32008 L 0124:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/124/EB frá 18. desember 2008 um að takmarka markaðssetningu fræs tiltekinna tegunda fóðurjurta og olíu- og trefjajurta við fræ sem er opinberlega vottfest sem stofnfræ eða vottað fræ (kerfisbundin útgáfa) (Stjtið. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 73).“

2. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 130, 28.5.2009, bls. 15, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 28, 28.5.2009, bls. 12.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 73.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 228, 29.8.1975, bls. 23.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 93, 8.4.1986, bls. 21.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2008/124/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. júlí 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. júlí 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
O.H. Sletnes
formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.